

Til handhafa útboðsgagna nr. 15701 - Vetrarþjónusta stofnanaílóða í Reykjavík 2022-2025

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Ágætu viðtakendur,

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist innkaupadeild og er svör umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar við þeim að finna hér að neðan:

Fyrirspurn 1:

Traktorsgrafa sett sem tæki nr. 1 á öllum útboðsvæðum. Það vekur líka furðu að dæmi um tæki sem sett eru í þessum lið eru tæki sem eru ekki traktorgröfur heldur traktorar en Caterpillar er t.d. ekki traktor.

Traktorar og traktors gröfur eru óhentugri tæki en hjólaskóflur í snjómokstri svo hvers vegna eru þið að gera það að tæki nr. 1, að slík tæki séu á öllum útboðsvæðum?

Svar 1:

Gerð er krafa um að bjóðendur bjóði eina traktorsgröfu á hverju útboðssvæði því þær nýtast vel til moksturs á plönnum og einnig fellur til bakkó-vinna s.s. við ýmsar snyrtingar í kringum skóla. Það er því enn gerð krafa um eina traktorsgröfu á hverju útboðssvæði enda hefur það reynst vel í gegnum árin hjá Reykjavíkurborg.

Að öðru leyti er bjóðendum valfrjálst að bjóða traktor, traktorsgröfu og/eða hjólaskólflu sem önnur snjómoksturstæki eftir því sem bjóðandi telur henta best til verksins og svo lengi sem verktaki getur uppfyllt kröfur um snjóhrensun eins og lýst er í útboðsgögnum og það hafi ekki áhrif á framvindu og þjónustustig.

Í gögnum (tafla í kafla 1.1.5.2) voru nefnd dæmi um traktora og hjólaskóflur annars vegar (í sömu línu), og hins vegar traktorsgröfur (í annarri línu). Til að fyrirbyggja misskilning þá er Komatsu WA sería og Caterpillar 9 sería dæmi um hjólaskóflur, New Holland TVT sería dæmi um traktor, Caterpillar 4 sería, og John Deere eru dæmi um framleiðslulínur/framleiðendur á traktorsgröfum.

Verkaupi leggur áherslu á að bjóðendur tilgreini í tilboðum sínum hvernig snjómoksturstæki þeir hyggjast bjóða til verksins þ.e. traktor, traktorsgrafa eða hjólaskófla.

Fyrirspurn 2:

Gerð er krafa um að tæki skulu vera ákveðin mörg hestöfl eða fleiri. Við viljum benda á að mörg tæki ná ekki þessum hestafla fjölda en eru þó vel í stakk búin til að sinna snjómokstri. 11 tonna grafa getur til dæmis verið í kringum 110 hestöfl og nær væri að fara eftir þyngd en hestöflum.

Svar 2:

Verkaupi gerir þær breytingar á tækjaþörf þannig að öll snjómoksturstæki séu a.m.k. 74 hestöfl svo lengi sem verktaki getur uppfyllt kröfur um snjóhrensun eins og lýst er í útboðsgögnum og það hafi ekki áhrif á framvindu og þjónustustig.

Fyrirspurn 3:

Snjótönn er best til þess fallin að hreinsa akvegi og göngustíga en í mokstur á plönnum er best að nota snjóskóflur með vængi þar sem hægt er þá að setja snjó á ákveðna staði sem þýðir mun betri þjónustu fyrir verkkaupa og planið nýtist undir bíla frekar en að safna upp snjó á því.

Má ekki bjóða upp á snjóskóflur líka eða er krafan einungis að nota skuli snjótönnur?

Svar 3:

Verkkaupi gerir þær breytingar á tækjapörf þannig vængjaskóflur séu leyfðar svo lengi sem verktaki getur uppfyllt kröfur um snjóhreinsun eins og lýst er í útboðsgögnum og það hafi ekki áhrif á framvindu og þjónustustig.

Verkkaupi bendir á að ekki er þörf að keyra með snjó langar vegalengdir og þar með hefur snjótönn/snjóplógur hentað vel til verksins. Verkkaupi bendir á að ef vængjaskófla er ekki með slitblað/skera neðan á sér þá gefa þær minna eftir þegar ekið er á kanta eða önnur mannvirki. Verktaki sem notast við vængjaskóflu skal því sýna sérstaka aðgát við snjóhreinsun.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.